

Mánudaginn 20.02.2012 kl 13:00 var haldinn 1. fundur starfshóps sem sveitarstjórn Húnaþings vestra skipaði á fundi sínum þann 12. janúar sl. um samþykktir og stjórnarsýslu sameinaðs sveitarfélags.

Dagskrá:

1. Kosning formanns og ritara.
2. Verkefni starfshópsins.
3. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Leó Örn Þorleifsson, oddviti sett fund og bauð fulltrúa starfshópsins velkomna til starfa. Fram lögð tillaga um Leó Örn Þorleifsson sem formann starfshópsins og sveitarstjóra sem ritara. Tillagan samþykkt samhljóða.
2. Leó fór yfir helstu verkefni sem sveitarstjórn fól starfshópnum að vinna að en þau eru m.a. endurskoðun á Samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins, aðrar samþykktir, gjaldskrár, stjórnkerfi sveitarfélagsins þ.m.t. nefndir og ráð, endurskoðun og breytingar á heimasíðu Húnaþings vestra o.fl.
Fulltrúar ræddu vítt og breitt um mörg og umfangsmikil verkefni starfshópsins og hvernig vinnulagi verði beitt í starfinu framundan. Í því samhengi var m.a. rætt um að ráða til starfa sérhæfða úttektaraðila er vinni að einstökum verkefnum með starfshópnum. Formanni og ritara falið að leita samninga frá aðilum varðandi stjórnarsýsluráðgjöf og heimasíðugerð.
3. Samþykkt að fastur fundartími starfshópsins verði annan hvern mánudag kl. 12:00. Næsti fundur verður því haldinn mánudaginn 5. mars nk. kl. 12:00

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl 13:55

Leó Örn Þorleifsson(sign.),
Sigurður Kjartansson(sign.),
Stefán Böðvarsson(sign.).

Elín Jóna Rósinberg(sign.),
Ragnar S. Helgason(sign.).